# Umsókn um breytingu á greiðsluskilmálum

## 1 Upplýsingar um skuldara

Nafn skuldara A

Kt.

Nafn skuldara B

Kt.

Heimili

Staður

Póstnúmer

Netfang skuldara A

Netfang skuldara B

Sími

Gsm

## 2 Upplýsingar um skuldabréf

| Númer skuldabréfs | Upphafleg lánsfjárhæð | Útgáfudagur skuldabréfs |
|---|---|---|
| 1 | | |
| 2 | | |
| 3 | | |
| 4 | | |

## 3 Sótt er um skilmálabreytingu:

- ☐ breytingu á breytilegum vöxtum í fasta vexti (á eingöngu við um verðtryggð lán) breytingu á
- ☐ afborgunarláni í jafngreiðslulán (annuitetslán)
- ☐ breytingu á jafngreiðsluláni (annuitetsláni) í afborgunarlán
- ☐ stytta lán í ár, frá dagsetningu umsóknar*
- ☐ lengja lán í ár, frá dagsetningu umsóknar*
- ☐ fjölgun gjalddaga í 12

*Lánstími er 5–40 ár vegna verðtryggðra lána og 3-40 vegna óverðtryggðra lána að vali lántakanda, frá upphaflegum lántökudegi að telja.

**og / eða skuldbreytingu:**

- að vanskilum og kostnaði vegna viðkomandi láns verði bætt við höfuðstól lánsins
- annað

## 4 Skýringar

– Jafngreiðslulán (annuitetslán) merkir að greiðsla við hvern gjalddaga er sú sama þannig að greiðslubyrðin helst jöfn út lánstímann.
– Lán með jöfnum afborgunum merkir jafnar afborganir af höfuðstóli, þannig að greiðslubyrði er þyngst fyrst en léttist svo eftir því sem líður á lánstímann.
– Gjalddagar eru 12 á ári.

## 5 Stjórnmálaleg tengsl

**Er lántaki í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla?**

☐ Já ☐ Nei

**Ef já, hver af lántökum er í áhættuhópi og hvers vegna:**

Nafn

Ástæða

Vegna laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti er lántaka/lántökum skylt að svara þessari spurningu. Til áhættuhóps vegna stjórnmálalegra tengsla teljast þeir sem eru eða hafa verið (1) háttsettir í opinberri þjónustu, (2) nánasta fjölskylda þeirra eða (3) einstaklingar sem vitað er að eru nánir samstarfsmenn þeirra.

**(1) Einstaklingar í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla teljast vera:**

- Þingmenn, þjóðhöfðingjar, ráðherrar, staðgenglar ráðherra, aðstoðarráðherrar og einstaklingar í framkvæmdastjórn stjórnmálaflokka.
- Hæstaréttardómarar, dómarar við stjórnlagadómstóla eða aðrir háttsettir dómarar við dómstóla þaðan sem niðurstöðu er ekki hægt að áfrýja nema í undantekningartilvikum.
- Dómarar við endurskoðunardómstóla og hæstráðendur seðlabanka.
- Sendiherrar og staðgenglar sendiherra.
- Fulltrúar í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækja í eigu ríkis.
- Framkvæmdastjórar, aðstoðarframkvæmdastjórar og stjórnarmenn alþjóðasamtak og alþjóðastofnana.

**(2) Til nánustu fjölskyldu teljast:**

- Maki, sambúðarmaki í skráðri sambúð, börn, stjúpbörn og makar þeirra eða sambúðarmakar í skráðri sambúð og foreldrar.

**(3) Til náins samstarfsfólks teljast:**

- Einstaklingar sem vitað er að hafi verið raunverulegir eigendur lögaðila með einstaklingi sem er eða hefur verið háttsettur og gegnt opinberri þjónustu eða aðrir þekktir starfsmenn.
- Einstaklingar sem hafa átt náin viðskiptatengsl við einstaklinga sem er eða hefur verið háttsettur og gegnt opinberri þjónustu.
- Einstaklingur sem er einn raunverulegur eigandi lögaðila sem vitað er að var stofnaður til hagsbóta fyrir einstakling sem hefur verið háttsettur og gegnir opinberri þjónustu.

## 6 Upplýsingar vegna greiðslumats

Áður en breyting á greiðsluskilmálum getur átt sér stað getur þurft að meta greiðslugetu skuldara. Ef greiðslumat er nauðsynlegt er vefslóð á greiðslumatið send í tölvupósti til skuldara A og sér skuldari sjálfur um að framkvæma sjálfvirkt greiðslumat. Nauðsynlegt er að hafa rafræn skilríki til að geta framkvæmt greiðslumatið. Rafræn skilríki er hægt að fá hjá viðskiptabanka skuldara. Allir skuldarar þurfa að vera með rafræn skilríki. Vakin er athygli á því að kostnað við greiðslumat þarf að greiða þó ekki verði af breytingu á greiðsluskilmálum.

Greiðslumatið sjálft felur ekki í sér sjálfvirka ákvarðanatöku sem hefur réttaráhrif eða sambærileg áhrif á þig en ákveðir þú að breyta greiðsluskilmálum skuldabréfs getur matið verið nýtt til að taka slíka ákvörðun þ.á.m. hvort að breyting á greiðsluskilmálum verði veitt.

Niðurstöður greiðslumatsins eru reiknaðar út á sjálfvirkan hátt og byggjast á þeim upplýsingum sem sóttar eru samkvæmt umboði og upplýsingum sem skuldari gefur upp. LSR minnir á að það er á ábyrgð skuldara að veita þær upplýsingar sem þarf svo greiðslumat gefi sem gleggsta mynd af greiðslugetu skuldara.

Frekari upplýsingar í tengslum við umsókn þessa og gögn sem skuldari þarf að veita er að finna á öftustu síðu umsóknar þessarar (Fylgiskjöl með umsókn).

Hægt er að senda umsókn og öll fylgiskjöl rafrænt á lan@lsr.is.

## 7 Samþykki fyrir öflun og notkun fjárhagslegra upplýsinga og lánshæfismats

Ég undirritaður/undirrituð/við undirrituð veitum Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, kt. 711297-3919, f.h. Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, A-deildar, kt. 550197-3409 og B-deildar, kt. 430269-6669, hér eftir nefndur LSR, fullt og ótakmarkað umboð til að kalla eftir upplýsingum um stöðu allra útlána og annarra fjárskuldbindinga sem ég/við nú stend/stöndum við fjármálastofnanir og opinbera aðila, hvort sem um er að ræða banka, sparisjóði, lífeyrissjóði, skattyfirvöld, Íbúðalánasjóð eða aðrar fjármálastofnanir eða opinberar stofnanir, ásamt öllum öðrum gögnum tengdum þeim fjárskuldbindingum og skyldum mínum/okkar, þ.m.t. hvort þau séu í vanskilum eða komin í innheimtu hjá þriðja aðila. Umboðið veitir jafnframt heimild til að kalla eftir upplýsingum frá kröfuhöfum sem eru þátttakendur í Skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf. eða annars aðila sem hefur heimild til slíkrar gagnaöflunar og skilar yfirliti sem m.a. inniheldur upplýsingar um fjárskuldbindingar mínar, þ.m.t. hvort um vanskil sé að ræða.

Umboð þetta veitir LSR einnig heimild til að sækja upplýsingar um lánshæfismat mitt/okkar til Creditinfo Lánstrausts hf. áður en ákvörðun er tekin um lánafyrirgreiðslu. Lánshæfismatið spáir fyrir um líkur á alvarlegum vanskilum í framtíðinni og byggir á upplýsingum sem Creditinfo safnar og/eða miðlar, s.s. upplýsingum í vanskilaskrá (þ.m.t. uppflettingum), hlutafélagaskrá, skattskrá o.fl. Lánshæfismatið byggir á samkeyrslu gagna og getur innihaldið sögulegar upplýsingar, s.s. um stöðu vanskila og lánshæfismats.

Einnig veitir umboðið LSR heimild til að sækja upplýsingar um eignastöðu mína, þ.e. fasteigna- og ökutækjaeign, í gagnagrunna Þjóðskrár Íslands og Samgöngustofu (Umferðarstofa) eða þess aðila sem á hverjum tíma telst ábyrgðaraðili umræddra upplýsinga skv. 6. tl. 1. mgr. 3. gr. nr.90/2018. Þá er sjóðnum heimilt að afla annarra gagna sem nauðsynleg kunna að vera til framkvæmdar greiðslumats og ekki liggja þegar fyrir.

Einnig veitir umboðið LSR heimild til að sækja upplýsingar til Innheimtustofnunar sveitarfélaga um greiðslur meðlaga, þ.e. upplýsingar um mánaðarlega greiðslubyrði, samkomulög og greiðslustöðu, þar með talið hvort um vanskil er að ræða.

Umboð þetta veitir Creditinfo Lánstrausti hf., heimild til öflunar upplýsinga frá skattyfirvöldum þ.e. til öflunar upplýsinga um launatekjur úr staðgreiðsluskrá allt að tólf mánuði aftur í tíma frá því óskað er eftir þeim samkvæmt umboði þessu, síðasta skattframtali auk heimildar til þess að afla upplýsinga um álagningu vaxta- og barnabóta ef við á. Ennfremur veitir umboð þetta LSR heimild til að afla framangreindra upplýsinga frá skattyfirvöldum í gegnum Creditinfo Lánstraust hf. í tengslum við ákvarðanatöku um lánsviðskipti.

Ég undirritaður/undirrituð samþykki og heimila að framangreindar upplýsingar verði nýttar og sóttar í tengslum við ákvörðunartöku um lánsviðskipti, sem og við eftirlit í tengslum við slík viðskipti enda hafi LSR lögvarða hagsmuni af notkun umræddra upplýsinga skv. 9. gr. laga nr. 90/2018.
Heimilt er að afturkalla samþykki þetta og skal slík afturköllun taka gildi þegar LSR hefur sannanlega móttekið slíka afturköllun. Þá fellur samþykki þetta úr gildi þegar lánsviðskiptum aðila lýkur. Fram til þess tíma hefur LSR heimild til að sækja og nota þær upplýsingar sem samþykki þetta tekur til að fullnægðum þeim skilyrðum sem fram koma í samþykkisyfirlýsingu þessari.

Upplýsingar á grundvelli samþykkis þessa eru ýmist sóttar beint af lánveitanda til Creditinfo Lánstrausts hf. eða með milligöngu Creditinfo Lánstrausts hf. til þriðja aðila. Í þeim tilfellum sem gögn eru sótt af Creditinfo Lánstrausti hf. er þeim miðlað áfram til viðkomandi lánveitanda. Undirritaður/undirrituð samþykkir framangreinda öflun og miðlun upplýsinga.

Á vefsvæðinu creditinfo.is/mittcreditinfo má nálgast upplýsingar um allar uppflettingar. Á yfirliti uppflettinga kemur fram nafn þess lánveitanda sem flettir upp en í einhverjum tilfellum er Creditinfo Lánstraust hf. uppflettandi en þá felur samþykki þetta í sér heimild til félagsins að sækja upplýsingar og miðla þeim áfram til viðkomandi lánveitanda, sbr. framangreint.

Allar nánari upplýsingar um vörur og vinnslu persónuupplýsinga má finna á vefsvæði Creditinfo Lánstrausts hf., www.creditinfo.is.

Undirritaður/undirrituð lýsir/lýsa hér með yfir að hafa kynnt sér lánareglur LSR og samþykkir/samþykkja skilmála um öflun og notkun gagna, sbr. ofangreint.

**Skuldari staðfestir með undirritun sinni hér að neðan að hann er upplýstur um að LSR veitir ekki lánaráðgjöf í tengslum við umsókn þessa og að hún standi honum ekki til boða.**

**Með undirskrift minni samþykki ég að þær upplýsingar sem ég veiti í þessari umsókn verði vistaðar og skráðar í viðskiptasögu mína hjá LSR. Öll vinnsla á persónuupplýsingum, þ.m.t. öflun, skráning, vistun og meðferð þeirra er í samræmi við lög um persónuvernd og persónuverndarstefnu LSR sem birt er á vef sjóðsins.**

Dagsetning undirskriftar

Undirskrift skuldara A

Undirskrift skuldara B

Vottar að réttri dagsetningu, undirritun og fjárræði aðila;

Nafn

Kennitala

Nafn

Kennitala

# Fylgiskjöl með umsókn

## Fylgiskjöl með umsókn

☐ Síðustu greiðsluseðlar áhvílandi lána á þeirri fasteign sem veðsett verður svo sjá megi eftirstöðvar lánanna, ef við á.

☐ Veðbókarvottorð - LSR getur útvegað rafrænt veðbókarvottorð gegn gjaldi

Vinsamlegast hlaðið viðeigandi fylgigögnum upp ásamt þessari umsókn.

**Athygli er vakin á því að LSR getur óskað eftir fleiri gögnum en tilgreind eru hér að ofan.**

**Hægt er að senda umsókn og öll fylgiskjöl rafrænt á lan@lsr.is.**

**Gjald fyrir skjalagerð í tengslum við þessa umsókn er samkvæmt gjaldskrá LSR.**